

REGLUGERÐ um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Moldóvu nr. 291/2015.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Í stað 1.2 tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Moldóvu nr. 291/2015 kemur nýr töluliður sem hljóðar svo:

1.2 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1925 frá 26. október 2015 um breytingu á ákvörðun 2010/573/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu, fylgiskjal 1.2.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 22. janúar 2016.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.2.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2015/1925

frá 26. október 2015

um breytingu á ákvörðun 2010/573/SSUÖ

um þvingunaraðgerðir gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu

Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar 2010/573/SSUÖ:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 31. október 2016. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“ (Efnisútdráttur).

B-deild – Útgáfud.: 5. febrúar 2016